

# Siðfræðin á ekki lengur svör

## Ljósvakinn


Eldhugi birtist á skjánum sl. miðvikudagskvöld í Kiljubætti Egils Helgasonar. Slóvenski heimspekingurinn Slavoj Zizek var þar í viðtali við Egil og fór hamförum í útlistingum sínum á hugsjónalegri hugmyndakreppu samtímans.

Eldhugi birtist á skjánum sl. miðvikudagskvöld í Kiljubætti Egils Helgasonar. Slóvenski heimspekingurinn Slavoj Zizek var þar í viðtali við Egil og fór hamförum í útlistingum sínum á hugsjónalegri hugmyndakreppu samtímans. Tilefni viðtalsins var útgáfa bókarinnar Óraplágunnar, sem kemur út í ritröð Lærdómsrita Hins íslenska bókmenntafélags og er þýdd af

Hauki Má Helgasyni. Sizek veltir þar m.a. fyrir sér hverju skammtaeðlisfræðin og veruleikasýn nútímans hafi áorðað. Hann er augljóslega alger ótemja; dásamlegur og hræðilegur í senn. Hefur skrifað yfir 20 fræðirit á 15 árum, þar sem hann skoðar hugmyndir að baki samfélagsmynd okkar og atburðum í samtímanum.

Hann segir m.a. í þættinum að líf- og erfðatækni nútímans geri að verkum að við verðum að hugsa allt upp á nýtt og hefðbundin siðfræði hafi ekki lengur svör. Nauðsynlegt sé að endurskoða grundvallarhugmyndir okkar um þýðingu þess að vera frjáls manneskja. Zizek segist hrífast af Íslandi, sem sé frumstætt, óreiðukennt og myrkt; veruleikinn hér sé eins og óklárað sköpunarverkefni. Hann langar víst að setjast að sunnan við Vatnajökul með tíð og tíma.

Steinunn Ásmundsdóttir



Hrífst af Íslandi Slavoj Zizek. — Árvakur/ÞÖK